

Nr. 777

20. ágúst 2015

AUGLÝSING um deiliskipulag svæðis umhverfis Goðafoss, Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 25. júní 2015 deiliskipulag svæðis umhverfis Goðafoss. Í deiliskipulaginu eru lagðar línur um fyrirkomulag bílastæða og aðkomusvæðis fyrir bíla og rútur. Jafnframt er ákveðin staðsetning áningarstaða og útsýnispalla ásamt legu göngustíga, sem leiða gesti um skipulagssvæðið. Þá er gerð deiliskipulagsins þáttur í undirbúningi að byggingu nýrrar brúar yfir Skjálfandafljót, en tilgangur þeirrar framkvæmdar er að bæta vegasamband á þjóðvegi nr. 1.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá málsméðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Þingeyjarsveit, 20. ágúst 2015.

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 3. september 2015